



Fjölbautaskóli Suðurlands

## Inniklæðningar

INNK2HH05

Kennsluáætlun – haust 2022

## Kvöldskóli

**Kennari/ar:** Óskar G. Jónsson

**Skammstöfun:** ÓGJ

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnuaðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gifsplötum, uppsetningu niðurhengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrými. Í áfanganum er fjallað um einangrun, útveggja og lofta sem og frágang á rakavörn, einnig er fjallað um eldvaranrveggi og hljóðeinangrun húsa. Við fórum einnig yfir frágang á timburútveggjum að utanverðu, hvernig við göngum frá vindvörn og möguleikum á mismunandi aðferðum við vindvörn og hvað við þurfum að varast. Kennslan er að mestu bókleg og hugsanlega verður farið í heimsóknir í fyrirtæki, stefnum að því.

### Markmið er að nemendur:

- Viti hvernig á að einangra útveggi og loft timburmannvirkja
- Viti hvernig á að ganga frá rakavörn léttbyggðra húsa
- Viti hvernig á að ganga frá lagnagrind útveggja og lofta
- Viti og hafi skoðanir á því hvernig á að klæða loft út frá mismunandi klæðningarefnum
- Viti hvernig á að byggja upp timburveggi, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp létt veggi úr blikkstoðum, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp létt veggi í votrýmum
- Þekki til mismunandi kefisveggja og kerfislofta, smíði og uppsetningu
- Þekki efni, festingar, áhöld og tæki til smíði og uppsetningu veggja og lofta
- Þekki til gifs og annarra klæðningarefna
- Þekki reglur og leiðbeiningar um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- Þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- Þekki efni, áhöld og vinnuaðferðir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- Þekki öryggisreglur og öryggisbúnað

## Námsefni:

Inniklæðningar og einangrun, kennslubækur sem stuðst er við. Verkefni frá kennara, ljósrit, leiðbeiningar framleiðanda, efni af neti o.fl. Legg til að nemendur eignist bókina „Gifsplötur uppsetning veggja“.

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni unnin í kennslutímum eða eftir því sem mælt er fyrir um vinnu og skil verkefna.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
33 - 39	17. 08. - 30. 09.	<b>Upphaf kynning.</b> Lagt af stað með efni tengt inniklæðningum. Farið í gegnum uppbyggingu á timbur útegg og þaki.  <b>Gifsklæðningar- blikkstoðir</b>	Sjá námsmat hér fyrir neðan.
40 - 44	01.10 – 12.10.	<b>Einangrun – eldvarnir - gólfefni</b>	

## Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þáttöku í umræðum í áfanganum. Leið og nemandi fer að tjá sig og taka þátt í umræðum um námið og það sem verið er að kenna hverju sinni eru líkur á að nemandinn skilji það sem við erum að fjalla um hverju sinni og bæti þannig stöðugt á þekkingu sína á námsefninu.

Almennt skal skila verkefnum í Innu. Teikningar og efnislistar geta í sumum tilfellum verið skilað beint til kennara.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tínum.

**Við munum skoða með áhuga á að nota Teams ef nemendur hafa áhuga á því, t.d. á fimmtudagstímunum, skoðum það nánar saman.**

Fyrirkomulag námsmats:

<b>Pátttaka í tímum, rökræða 15 %</b>	
<b>Verkefni 1</b>	<b>10%</b>
<b>Verkefni 2</b>	<b>15%</b>
<b>Verkefni 3</b>	<b>15 %</b>
<b>Verkefni 4</b>	<b>15 %</b>
<b>Verkefni 5</b>	<b>15 %</b>
<b>Verkefni 6</b>	<b>15 %</b>

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 17.08.2022

Óskar G. Jónsson